



Áveitan

5. tbl. 19. árgangur. Maí 2026

FJÖR Í FLÓA
2026



VELKOMIN Í FLÓAHREPP

13.- 16. maí



ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI BJÓÐA
GESTI VELKOMNA Á ÞESSA
STÓRSKEMMTILEGU FJÖLSKYLDU
OG MENNINGARHÁTÍÐ SEM ER
STÚTFULL AF SKEMMTUN

HLÖKKUM TIL AÐ



SJÁ YKKUR

Finndu okkur á : Flóahreppur.is
FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



Kvenfélögin í
Flóahreppi



HEILSUEFLANDI
samfélag
vellíðan lýrir alla

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill Sveitarstjóra



Kæru íbúar og lesendur

Áveitunnar

Gleðilegt sumar!

Það er komið að síðasta pistli sveitarstjóra á þessu kjörtímabili. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að brátt verði liðin fjögur ár frá því ég tók við starfi sveitarstjóra og hóf störf fyrir ykkur, íbúa Flóahrepps. Árin hafa liðið hratt, mikið verið um að vera, mörg verkefni unnin og lagður grunnur að öðrum sem munu nýtast næstu ár. Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið að starfa fyrir samfélagið mitt á þessum vettvangi og vona að ég hafi með störfum mínum lagt mitt af mörkum til uppbyggingar Flóahrepps sem öflug, samhents og framsækins sveitarfélags. Hér eru ótal möguleikar og það verður ánægjulegt að fylgjast með sveitarfélaginu vaxa og þróast á næstu árum og áratugum.

Til að stikla á stóru í þeim verkefnum sem unnin hafa verið á kjörtímabilinu má nefna breytingar á Flóaskóla til að bæta aðstöðu í verkgreinum, endurbætur í Þjórsárveri að innan sem utan, aukna þjónustu við eldri íbúa sveitarfélagsins, bættu íþróttaaðstöðu í Þingborg, viðhald

og endurbætur í leikskólanum Krakkaborg, ný leiktæki og mótun framtíðarsýnar fyrir skólalóðina við Flóaskóla, sölu Gömlu Þingborgar, undirbúning viðbyggingar við Flóaskóla og byggingu áhaldahúss, sem og endurnýjun hitakerfis og ýmis viðhaldsverkefni í Félagslundi. Nýtt deiliskipulag í Þingborg var samþykkt, þar sem uppbygging er nú hafin á fyrsta þéttbýlinu innan sveitarfélagsins, sem markar stór tímamót í sögu Flóahrepps. Þá hefur verið aukinn stuðningur við menningarmál, hærri framlög veitt til velferðarmála og byggðasamlög og samstarfsverkefni verið eflð og endurskoðuð.

Töluverð vinna hefur farið fram í vatnsveitu sveitarfélagsins, þar sem styrking veitunnar, kortlagning og forgangsröðun viðhaldsverkefna hefur átt sér stað, ný dælustöð byggð og hafið samstarf við nágrannasveitarfélög um vatnsöflun til framtíðar. Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins er langt komin, með markvissa stefnumótun í takt við aukinn áhuga á uppbyggingu síðustu ár. Þar er m.a. fjallað um uppbyggingu við sveitarfélagamörk Árborgar og Flóahrepps við nýjan hringveg, auk skýrari flokkunar landbúnaðarlands.

Núverandi sveitarstjórn hefur lagt áherslu á framtíðarsýn í stefnumótun sinni og leitast við að skipuleggja fjárfestingar þannig að innviðir byggist upp á undan þörfinni. Endurbætur og fyrirhuguð viðbygging við Flóaskóla eru dæmi um slíkt, líkt og sú mikla vinna sem hefur farið fram í vatnsveitu sveitarfélagsins.

Rekstur sveitarfélagsins hefur styrkst á undanförunum árum og svigrúm til fjárfestinga aukist jafnt og þétt frá árinu 2022. Á sama tíma hefur sveitarfélagið lækkað álagningarforsendur fasteignagjalda öll þessi ár og farið í endurskoðun gjaldskráa með það að markmiði að hækkanir séu hóflegar og bitni ekki á viðkvæmum hópum. Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2025 verður lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn 5. maí og stefnir í jákvæða rekstrarniðurstöðu. Niðurstöður ársreikningsins staðfesta sjálfbæran og stöðugan rekstur sveitarfélagsins og hvet ég lesendur til að kynna sér þær þegar reikningurinn verður birtur á heimasíðu Flóahrepps á næstu dögum.

Framkvæmdir við gatnagerð og veitur í Þingborg ganga samkvæmt áætlun og gert er ráð fyrir að verktakavinnu samkvæmt útboði ljúki í júní. Sveitarstjórn samþykkti nýverið nýjar reglur um úthlutun lóða í Flóahreppi og í byrjun maí verður samþykkt um gatnagerðargjöld tekin til síðari umræðu. Slík uppbygging er langtímafjárfesting þar sem útgjöld skila sér til baka í formi gatnagerðargjalda, tengigjalda, fasteignagjalda og útsvarstekna. Um leigulóðir verður að ræða og mun sveitarfélagið því einnig fá árlega lóðarleigu.

Uppbyggingin í Þingborg er þannig framkvæmd sem á að standa undir sér til lengri tíma litið og jafnframt stuðla að fjölbreyttu framboði lóða, þar á meðal með möguleikum á hagkvæmu húsnæði og leiguhúsnæði, sem hefur verið af skornum skammti í sveitarfélaginu um árabíl. Mikill áhugi hefur verið á verkefninu og bindum við vonir við að fjárfestingin skili sér fljótt til baka.

Það eru mörg önnur ótalin verkefni sem unnin hafa verið síðustu ár en enginn möguleik að telja allt upp hér. Í fyrri pistlum í Áveitunni hefur verkefnum, stórum sem smáum, verið gerð ágæt skil og geta lesendur ávallt nálgast fyrri pistla á heimasíðu Flóahrepps undir Áveitunni.

Næst á dagskrá í Flóahreppi

Fjör í Flóa 13.–16. maí og sveitarstjórnarkosningar

Árlega fjölskyldu- og menningarhátíðin Fjör í Flóa fer fram dagana 13.–16. maí. Dagskráin er fjölbreytt að vanda og má finna fyrstu drög á heimasíðu Flóahrepps. Fjölmargin aðilar, þar á meðal ungmennafélagið Þjótandi, kvenfélög, kirkjukór og íbúar, leggja sitt af mörkum og hvet ég sem allra flesta til að sækja hátíðina.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 16. maí. Kjörstaður í Flóahreppi verður í Félagslundi og verður opið frá kl. 9:00–20:00. Menningarnefnd stendur svo fyrir kosningavöku í Þingborg um kvöldið þar sem íbúar 18 ára og eldri eru velkomnir.

Hreinsunaráttak og opnir dagar á gámasvæði 26.–30. maí
Árlegt hreinsunaráttak fer fram í maí og eru allir hvattir til að taka þátt með því að huga að umhverfinu í kringum sig. Í tengslum við átakið geta fasteignaeigendur og atvinnurekendur losað sig við úrgang á gámasvæði ÍGF í Hrísmýri dagana 26.–30. maí án endurgjalds. Auk þess verður opið laugardaginn 30. maí frá kl. 11:00–16:00.

Könnun um möguleika á almenningssamgöngum
Háskólafélag Suðurlands og Samband sunnlenskra

sveitarfélaga hafa lagt fyrir íbúakönnun sem miðar að því að greina þarfir og möguleika í almenningssamgöngum í Árnessýslu. Íbúar Flóahrepps eru hvattir sérstaklega til þátttöku og haka við viðeigandi reit í könnuninni, enda eru engar hefðbundnar almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins. Þátttaka íbúa 16 ára og eldri er afar mikilvæg. Könnunin er aðgengileg á heimasíðu Flóahrepps.

Nýjar reglur um endurgreiðslur vegna sunnaðgangs Sveitarstjórn hefur samþykkt nýjar reglur um endurgreiðslur vegna aðgangs að sundstöðum. Börn og ungmenni til 18 ára aldurs og íbúar 67 ára og eldri með lögheimili í Flóahreppi geta sótt um endurgreiðslu að upphæð 10.000 kr. á ári vegna sundiðkunar, hvar sem er á landinu. Umsókn er einföld og hægt að skila henni rafrænt eða með aðstoð á skrifstofu sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar um nýtt fyrirkomulag má finna á heimasíðu Flóahrepps.

Ég ætla ekki að hafa pistilinn lengri að þessu sinni. Að lokum vil ég þakka kærlega fyrir samstarfið síðustu fjögur ár. Starf sveitarstjóra er bæði krefjandi og gefandi og hefur gefið mér einstakt tækifæri til að kynnast samfélaginu og vinna að verkefnum sem skipta okkur öll miklu máli. Að kosningum loknum kemur í ljós hvort undirrituð sitji áfram í embætti, en ég er vissulega reiðubúin ef það verður vilji kjósenda. Með kærri kveðju Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Vor í lofti í Krakkaborg

Það er sannarlega vor í lofti í Krakkaborg þessa dagana. Starfið í leikskólanum hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt að undanförunu og nemendur og starfsfólk hafa notið þess að finna hvernig dagarnir lengjast, birtan eykst og náttúran fer smám saman að vakna til lífsins.

Nú þegar sumardagurinn fyrsti er liðinn erum við í óða önn að huga að helstu vorverkum. Það þarf að skipuleggja, undirbúa, snyrta og græja útisvæðin fyrir komandi vikur. Voríð býður upp á ótal tækifæri til útiveru, könnunar, sköpunar og leikja og við í Krakkaborg ætlum að nýta þau vel.

Innritun nýnema við leikskólann er einnig í fullum gangi og fram undan er spennandi tími þar sem nýir nemendur og fjölskyldur bætast í hópinn okkar. Við hlökkum mikið til að taka á móti nýjum einstaklingum, kynnast þeim og bjóða þá hjartanlega velkomna í leik og starf með okkur.

Við minnum einnig á opið hús í Fjör í Flóa, þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sér starfið, líta við, spjalla og njóta samveru í góðum félagsskap. Það er alltaf ánægjulegt að fá fólk í heimsókn, sýna frá því sem við erum að gera og eiga notalega stund saman.

Nemendur í Krakkaborg hafa að sjálfsögðu tekið vel á móti vorinu og njóta þess að verja meiri tíma utandyra. Það er fátt skemmtilegra en að fylgjast með forvitni nemenda þegar þeir kanna umhverfið, finna fyrstu merki vorsins og taka þátt í fjölbreyttu starfi úti sem inni.

Nemendur og starfsfólk Krakkaborgar óska öllum gleðilegs sumars og vonum að komandi vikur færi íbúum sveitarinnar birtu, gleði og góðar stundir.

Fyrir hönd Krakkaborgar,
Sara Guðjónsdóttir

Fréttir úr Flóaskóla

Að venju er líf og fjör í skólanum okkar og mörgu að sinna. Auk hefðbundinnar kennslu er eitt og annað sem nemendur og starfsfólk taka sér fyrir hendur. Miðvikudaginn 15. apríl voru fyrstu formlegu tónleikar Miðstígskórsins okkar. Tónleikarnir fóru fram í Skálholtsdómkirkju, einu albasta tónleika húsi landsins. Þeir



voru unnir í samstarfi við Miðstígskór Hvolsskóla. Þetta var í alla staði afar vel heppnaður dagur og krakkarnir og allir sem að verkinu komu

stoltir og ánægðir í lok tónleika. Kórarnir sungu bæði saman og í sitt hvoru lagi og enduð á söngperlunni 17.000 sólargeislar úr Bláa hnettinum. Það var aðdáunarvert að fylgjast með krökkunum. Þau sungu eins og englar, allir einbeittir og lögðu sig fram og hljómurinn í kórnum kristaltær

Íslandsmót í skák, barnaskólasveita 4-7. bekkur fór fram þann 18. apríl og mættu 34 sveitir af öllu landinu til leiks. Skákliðið okkar var að taka sín fyrstu skref í þessari vegferð og stóð sig afar vel. Liðið endaði með 19 vinninga og varð í 6 sæti í heildarstigakeppni en í öðru sæti yfir landsbyggðaliðin einungis hálfum vinning á eftir efsta landsbyggðaliðinu. Algjörlega frábær árangur og það verður gaman að fylgjast með liðinu áfram.



Þriðja og síðasta leiksýning skólaársins var 22. apríl sl. Nú voru það yngstu börnin sem áttu sviðið og slógu í gegn með sýningu um Línu Langsokk. Það var frábært að sjá þessa ungu krakka á sviðinu, mörg með heilmikinn texta leika sitt hlutverk og svo sungu þau hvert lagið á fætur öðru af stakri snilld. Aðstandendur fylltu salinn og voru að rifna úr stolti yfir þessum yndislegu börnum. Skólinn hefur hrós og hvatningu frá mörgum áhorfendum og aðstandendum fyrir gott leik- og tónlistaruppeldi og fyrir það erum við mjög þakklát, enda eru þessir þættir mikilvægir í starfi okkar.



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninar í Árnesþingi, var haldin í Þjórsárveri þann 27. apríl síðastliðinn. Matthilda Sigurðardóttir og Kristín María Sigurðardóttir lásu fyrir hönd Flóaskóla. Keppnin er árlegur viðburður í skólastarfinu en þar gefst nemendum 7.bekkjjar tækifæri til að þjálfa og efla upplestur og framkomu. Þátttakendur voru tólf og komu úr sex grunnskólum, Uppsveitaskólunum fimm og Flóaskóla. Hilmir Dreki Guðmundsson nemandi í Kerhólsskóla hlaut fyrsta sætið, Aron Gunnar Bjarnason Flúðaskóla var í öðru sæti og Þorbjörg Ásta Hallbjarnardóttir Kerhólsskóla í þriðja sæti.

Mánuðurinn endaði svo á tveimur starfsdögum þar sem nær allur starfsmannahópurinn fór í námsferð í Eyjafjörðinn. Þrjú skólar voru heimsóttir; Hrafnagilsskóli, Valsárskóli og Oddeyrarskóli. Ferðin var mjög lærdómsrík, það er dýrmætt að geta speglað okkar starf við aðra sambærilega skóla og eiga samtalið við kollega um nám og kennslu.

Framundan er undankeppni Skólahreysti, en okkar riðill fer fram í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í Mosfellsbæ miðvikudaginn 6. maí. Húsið opnar fyrir áhorfendur kl 16:00 og kl 17:00 hefst keppnin. Bein útsending er á RUV og hvetjum við fólk til að fylgjast með keppninni. Síðasta smiðja skólaársins er svo dagana 7.-8. maí. Elsta stigið er með sína smiðju í Kerhólsskóla en miðstigssmiðjan er að þessu sinni í Flóaskóla.

Vorskóli verðandi fyrstu bekkinga er vikuna 11.-15. maí þá koma börnin í Flóaskóla í heila viku og taka þátt í skólastarfinu.

Hefðbundin vorverk bíða okkar svo í maí, námsmatsuppgjör, vorferðir og útikennsla, þar sem nýju útikennslustofurnar okkar koma sterkar inn.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

PALLA SPJALL
við frambjóðendur
Framfaralistans

FIMMTUDAGINN
14. MAÍ


KL.
20:00-22:00

FORSÆTI 2
hjá Huldu og Andra

Börn og fullorðnir
HJARTANLEGA VELKOMIN!

Við erum bún að leggja inn pöntun um gott veður - nú vantar bara þig!

Framfaralistinn



Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Flóahrepps.

Tilnefningar vegna lögbýlis eða íbúðarhúss

.....

Sjá má reglur um úthlutun
inn á heimasíðu Flóahrepps.

.....

Tilnefningar skulu sendar inn á
floahreppur@floahreppur.is

.....

Fyrir 1. júní 2026

Verðlaunin verða veitt 17. júní.

Umhverfisnefnd Flóahrepps



T - listinn Flóahreppi 2026



Laugardaginn 16. maí nk. verður kosið til sveitarstjórnar hér í Flóahreppi. Nú sem fyrr býður T-listinn fram krafta sína til sveitarstjórnar. T-listinn er skipaður fólki með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem hefur það að markmiði að þjóna íbúum Flóahrepps. Við leggjum áherslu á að halda í gömlu gildin, að fjölskyldubúskapur verði stoð og stytta atvinnulífs sveitarinnar, að sveitasamfélagið fái að blómstra á forsendum fjölskyldunnar með vellíðan og öryggi í fyrirrúmi.

Málefnskrá T-listans var birt á samfélagsmiðlum í vikunni. Í málefnskránni koma fram helstu

áherslur okkar í T-listanum fyrir næsta kjörtímabil. Málefnskráin er ekki listi kosningaloforða heldur reynum við að koma því að hvar hjarta okkar slær, hvað við setjum í forgrunn og hvernig við viljum nálgast málefnið sem skifta samfélagið okkar máli. Þau málefni sem eru okkur ofarlega í huga eru **skóla- og æskulýðsmál**. Uppbygging á skólahúsnæði þarf að haldast í hendur við framvinduna í samfélaginu, svo hægt sé að halda áfram því öflugra starfi sem þar fer fram, bæði í grunnskóla og leikskóla. **Samgöngur og umferðaröryggi** eru okkur hugleikin. Lítið hefur áunnist

í vegamálum í Flóahreppi undangengin ár og verða kjörnir fulltrúar að þrýsta markvisst á Vegagerðina um úrbætur. Við viljum leggja meiri áherslu á **heilsueflandi samfélag** en gert hefur verið. Efla félagslega starfsemi með heilsurækt og útivist ásamt því að rjúfa félagslega einangrun. **Umhverfis- og náttúruvernd** þarf meiri athygli en verið hefur. Við viljum sjá blómlega sveit sem við getum verið stolt af. Við leggjum áherslu á **listir í okkar samfélagi**. Listir eru lýðheilsumál, kenna okkur að vinna úr hugsunum okkar og setja þær í samhengi og efla gagnrýna hugsun. **Stjórnsýsla Flóahrepps** þarf að vera lýðræðisleg, opin og gagnsæ. Leita skal eftir samráði við íbúa og hagaðila og hvetja til þátttöku þeirra við mótun samfélagsins. Íbúagátt gæti komið þar að gagni. T-listinn stendur fyrir **sjálfstæðum Flóahreppi**, þ.e. að ekki verði leitað eftir sameiningu við önnur sveitarfélög. Samstarf við nágrennasveitir er hins vegar forsenda þess að Flóahreppur geti verið sjálfstæður.



Með þessar fyrirætlanir, ásamt ýmsum öðrum förum við inn í komandi kjörtímabil ef þú kjósandi góður veitir okkur brautargengi í sveitarstjórnarkosningum þann 16. maí nk.

Með vinsemd og virðingu.
Almar Sigurðsson
oddviti T-listans í Flóahreppi



Sveitarfélagið okkar allra

Framfaralistinn

býður

60+ íbúum
til samtals



í Þingborg



föstudaginn 8. maí
kl. 16:00-18:00



Frambjóðendur Framfaralistans vilja heyra hvað brennur á ykkur og hvað sveitarfélagið getur gert til að bæta enn frekar þjónustuna.



Kaffi og léttar veitingar í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur




Framfaralistinn
í Flóahreppi

Frá nemendum í 10. bekk Flóaskóla

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp fyrri hluta maí og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa.

Við erum að safna í ferðasjóð fyrir útskriftarferðinni okkar sem farin verður um mánaðarmótin maí/júní.

Hlökkum til að sjá ykkur og takk fyrir stuðninginn.



SKÓGRÆKTARFÉLAG VILLINGAHOLTSHREPPS

Aðalfundur

Þjósárveri, 4. maí 2026
kl. 20:00

Hefðbundin aðalfundarstörf, kaffi og spjall

Hvetjum alla félag okkar að mæta og
þjóðum nýja velkomna

Víðavangshlaup Umf Þjótanda



Var haldið venju samkvæmt á Þjórsárbökkum á Sumardaginn fyrsta. Þátttaka var ljómandi góð, 69 hlauparar tóku þátt í frábæru veðri.

Að hlaupi loknu var verðlaunaafhending og Umf Þjótandi bauð upp á hressingu.

Í karlaflokki sigraði Sigurjón Reynisson á tímanum 5:25 mín. Í kvennaflokki sigraði Valgerður Björk Hlíðdal á tímanum 6:48 mín.

Sæti	Nafn	Tími	Árg
1.	Sigurjón Reynisson	5:25 mín	2005
2.	Kristófer Máni Andrason	5:30	2010
3.	Freyr Sturluson Schacht	6:09	2009
4.	Viktor Logi Tello	6:13	2012
5.	Kristján Reynisson	6:14	2012
6.	Arnar Alex Reynisson	6:42	2014
7.	Valgerður Björk Hlíðdal	6:48	2014
8.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	6:49	2015
9.	Héðinn Fannar Höskuldsson	7:01	2015
10.	Kristján Þórarinn Andrason	7:02	2016
11.	Lilja Reynisdóttir	7:04	2015
12.	Birnir Þór Hlíðdal	7:25	2019
13.	Örvar Rafn Hlíðdal	7:25	1984
14.	Sigurður Helgi Guðjónsson	7:55	2014
15.	Ragnhildur Sara Andradóttir	8:23	2014
16.	Höskuldur Jensson	8:29	1968
17.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	8:40	2010
18.	Hulda Kristjánsdóttir	8:48	1984
19.	Lilja María Axelsdóttir	9:03	2012
20.	Fanney Ólafsdóttir	9:10	1980
21.	Smári Kristinn Jónsson	9:25	2020
22.	Jón Örn Albertsson	9:26	1981

23.	Kolbeinn Sturluson Schacht	9:54	2015
24.	Einar Hörður Haraldsson	10:17	2015
25.	Ernir Kristberg N. Jakobsson	10:32	2018
26.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	10:33	2014
27.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	10:56	2018
28.	Halldór Bjarnason Dalkarls	10:58	1996
29.	Brynjar Úlfur Halldórsson	10:58	2021
30.	Margrét Ósk Ingjaldsdóttir	11:17	1980
31.	Guðmundur Bjarki Axelsson	11:50	2021
32.	Páll Axel Axelsson	11:51	2014
33.	Elfa Rún Heimilsdóttir	12:15	2011
34.	Þórhildur Mía Þórbergisdóttir	12:15	2020
35.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	12:46	2015
36.	Dagbjört Ísafold Sveinsdóttir	13:25	2021
37.	Rebekka Ósk Sveinsdóttir	13:25	2025
38.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	13:25	1997
39.	Sveinn Orri Einarsson	13:25	1996
40.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	13:26	1983
41.	Ásta Björg Jónsdóttir	13:55	2010
42.	Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	14:29	2011
43.	Axel Páll Einarsson	14:35	1987
44.	Elísabet Thorsteinson	14:35	1991
45.	Unnur Bjarkadóttir	15:00	1986
46.	Edda Lillian N. Jakobsdóttir	15:01	2025
47.	Oddný Ása Ingjaldsdóttir	15:01	1988
48.	Jakob Nielsen Kristjánsson	15:01	1986
49.	Sigrún Helgadóttir	15:01	1983
50.	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	15:01	1985
51.	Heimir Rafn Bjarkason	15:21	1982
52.	Jón Valgeir Geirsson	15:23	1975
53.	Grímur Jarl Jónsson	15:27	2018
54.	Jakob Viðar Ófeiggsson	15:29	1958
55.	Kristín Stefánsdóttir	15:30	1948
56.	Axel Berg Jónsson	15:46	2020
57.	Helga Rut Hallgrímsdóttir	15:46	1987
58.	Íris Harpa Kristinsdóttir	16:20	2016

59.	Þorsteinn Logi Einarsson	17:07	1982
60.	Hermundur Karl Þorsteinsson	17:08	2018
61.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	17:10	1960
62.	Íða Bjarnadóttir	17:15	1993
63.	Ása Dalkarls	17:15	1968
64.	Andrea Björk Olgeirsdóttir	17:15	1997
65.	Bergþór Örn Halldórsson	17:15	2024
66.	Cathy Krentel	17:35	1990
67.	Kristín Marí Þorsteinsdóttir	17:35	2021
68.	Sonja Þrastardóttir	17:40	2022
69.	Guðrún Jónsdóttir	18:02	1953



Fermingarmessur í kirkjum í Flóans um hvítasunnu

24. maí, hvítasunnudagur í Hraungerðiskirkju

Fermingarmessa kl. **11:00**, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn syngur

ATH breytta tímasetningu

24. maí hvítasunnudagur í Gaulverjabæjarkirkju

Fermingarmessa kl. 14:00, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn syngur

25. maí, annan hvítasunnudag í Villingaholtskirkju

Fermingarmessa kl. 14:00, prestur Anna Eiríksdóttir.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn syngur.

Athugið að þetta eru síðustu messurnar þar sem Pétur Nói Stefánsson kantor spilar við. Hann hefur sagt starfi sínu lausu frá 1. ágúst. Við þökkum honum fyrir viðburðarríkan vetur með kórnum.

Frá 1.ágúst hefur verið ráðinn Hrafnkell Karlsson organisti sem verið hefur organisti við Hafnarkirkju á Höfn í Hornafirði og fleiri kirkjur. Hann mun starfa við þessar þrjár kirkjur og hlökkum við til samstarfsins.

Skráning í fermingarfræðslu

Skráning er hafin í fermingarfræðslu veturinn 2026-2027, árangur 2013.

Fermingarbarn er skráð í fræðslu og fermingardagur er valinn.

Fermingarfræðsla hefst með námskeiði í ágúst og verða foreldrar einnig á þeim tíma boðaðir á fund. Fermingarfræðsla verður aðra hverja viku í Villingaholtskirkju fyrir börn í Flóaskóla. Skráð er í gegnum síðuna skramur.is en nánari upplýsingar má finna inn á Facebook síðum Hraungerðiskirkju, Villingaholtskirkju og Gaulverjabæjarkirkju og www.selfosskirkja.is.

Einnig veita prestar kirknanna upplýsingar.

Bestu kveðjur, Guðbjörg og Gunnar.

T - listinn Flóahreppi 2026



1
ALMAR SIGURÐSSON
Lambastöðum
Ferðapjónustubóndi



2
ÁGÚST HJÁLMARSSON
Dalsmynni
Verkamaður og frístundabóndi



3
HALLA KJARTANSDÓTTIR
Ólvisholti
Múrari og bóndi



4
ÓLAFUR S. GÍSLASON
Þúfugörðum
Myndlistarmaður



5
ANNÝ INGIMARSDÓTTIR
Vorsabæjarháleigu
Félagsráðgjafi



6
JÓNAS M. HREGGVIÐSSON
Langholti
Húasmiðameistari



7
BRYNJAR Þ. ÞORMÓÐSSON
Hjálmholti
Bóndi og sölumaður



8
GUNNAR E. JÓHANSSON
Hróarsholti
Frankvæmdarstjóri



9
ÍRIS B. MAGNÚSDÓTTIR
Höfðatúni
Félags- og sjúkraliði



10
GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR
Sandbakka
Eldri borgari



Sveitarfélagið okkar allra

Við í Krakkaborg

elskum lopavettlinga!

Ef einhverjir ofur þrjónarar eru þarna úti og langar að hjálpa okkur að búa til safn af góðum lopavettlingum væri það vel þegið.



VIÐ GERUM LITLAR KRÖFUR

Engar kröfur um útlit á þeim nema að þumallinn sé út á hliðina svo enginn vettlingur þarf að vera eins.

TILVALIÐ VERKEFNI

Tilvalið verkefni til að nota afgangslöpaþykka!

ALLIR VETTLINGAR ERU HJARTANLEGA VEL ÞEGNIR



Saman getum við skapað hlýju og gleði fyrir litlar hendur

Takk fyrir!



Framfaralistinn

bjóður

kjósendum í Flóahreppi

á aldrinum **18-25** ára



PIZZAVEISLA



LÉTT SPJALL



SKEMMTILEGT
PUB QUIZ



OG ALMENN
GLEÐI



Hótel Vatnsholt



9. maí



kl. 20:00



FRÍ PIZZA



TILBOÐ Á BARNUM
FYRIR ÞÁ SEM HAFNA ALDUR.

*Við viljum hitta ykkur
og heyra frá ykkur*



X-I

Frambjóðendur
Framfaralistans
í Flóahreppi



Sleifin



Kæru konur okkur er ánægja að bjóða ykkur á hið árlega Sleifarkvöld sem að þessu sinn verður haldið fimmtudaginn 7. maí í Þingborg. Húsið opnar kl. 19:30 og stefnum á að byrja dagskrána kl. 20:00.

Að þessu sinni verður kvöldið með þjóðlegum blæ þar sem við fáum til okkar fólk frá Annríki sem koma og sýna okkur þjóðbúninga af ýmsum gerðum og flytja erindi okkur til gagns og gaman.

Kaffið verður á sínum stað með ýmsu góðgæti sem er og hefur verið algengt hjá landanum um árabíl.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar og takið með ykkur gesti.

Nú er tækifærið að dusta rykið af búningum ykkar og skarta þeim.

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Hestafl Verktakar

Nú er vorið handan við hornið.

Við erum klárir í vorverkin og bjóðum upp á alhliða lausnir.

Við erum vel tækjum búnir og tökum að okkur jarðvinnslu, gröfu-vinnu, áburðardreifingu, flutninga, heyskap og rúllun.

Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Victor Örn S.789-7675



Framboðslistar í Flóahreppi í sveitarstjórnarkosningum

Yfirkjörstjórn Flóahrepps auglýsir hér með þá framboðslista sem verða í kjöri í Flóahreppi við sveitarstjórnarkosningar þann 16. maí 2026:



FLÓAHREPPUR

I – listi Framfaralistans

Árni Eiríksson

Kt. 080966-4589 – Skúflæk II Norðurbæ
Teymisstjóri hjá Landi og Skógi og oddviti

Hulda Kristjánsdóttir

Kt. 300184-3249 – Forsæti 2
Sveitarstjóri og sveitarstjórnarfulltrúi

Walter Fannar Kristjánsson

Kt. 060989-2229 – Litlu Reykjum
Lögfræðinemi og sveitarstjórnarfulltrúi

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir

Kt. 051092-2879 – Hólshúsum
Reiðkennari og sérfræðingur

Hjalti Guðmundsson

Kt. 260969-4479 – Smalaskála
Húsasmíðameistari og framhaldsskólakennari

Sveinn Orri Einarsson

Kt. 150296-3239 – Egilsstaðakoti
Vélfræðingur

Sigrún Hrefna Arnardóttir

Kt. 160574-4619 – Skyggnisholti
Kjólaklæðskeri og ferðaþjónustubóndi

Sigurjón Reynisson

Kt. 061005-3230 – Hurðarbaki
Nemi í rafvirkjun

Helena Hólm

Kt. 010164-4359 – Skálatjörn

Hársnyrtimeistari og ferðapjónustubóndi

Stefán Geirsson

Kt. 300581- 5289 – Gerðum

Bóndi

T – listi

Almar Sigurðsson

Kt. 140559-3509 – Lambastöðum

Ferðapjónustubóndi

Ágúst Hjálmarsson

Kt. 131185-2949 - Dalsmynni

Verkamaður og frístundabóndi

Halla Kjartansdóttir

Kt. 2707783729 – Ölvisholti

Múrari og bóndi

Ólafur Sveinn Gíslason

Kt. 160762-2099 – Þúfugörðum

Myndlistarmaður

Anný Ingimarsdóttir

Kt. 080368-3569 – Vorsabæjarhjáleigu

Félagsráðgjafi

Jónas Már Hreggviðsson

0203724949 – Langholti

Húsasmíðameistari

Brynjar Þór Þormóðsson

Kt. 190989-2599 – Hjálmholti

Bóndi og sölumaður

Gunnar Einar Jóhannsson

Kt. 130964-3039 – Hróarsholti

Framkvæmdastjóri

Íris Björk Magnúsdóttir

Kt. 1412733619 – Höfðatúni

Félags- og sjúkraliði

Guðrún Jónsdóttir

Kt. 030253- 4349 – Sandbakka

Eldri borgari

Kjörfundur hefst kl 9:00 í Félagslundum og lýkur kl.20:00
Talning atkvæða fer fram á sama stað að kjörfundi loknum.
Samhliða sveitarstjórnarkosningum mun sveitarstjórn
Flóahrepps leggja fyrir íbúakönnun um hug íbúa til
sameiningarmála. Frekari upplýsingar um íbúakönnun munu
birtast á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is
Yfirkjörstjórn Flóahrepps

KRAKKABORG
í Flóahreppi

Við leitum að leikskólakennurum og sérkennslustjóra

Við leitum að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum sem vilja starfa í hlýlegu og faglegu umhverfi þar sem velferð barna, góð samvinna og skapandi starf eru í forgrunni.

- Góð teymisvinna
- Útivera og skapandi starf
- Hlýlegt og faglegt starfsumhverfi
- Laun samkvæmt kjarasamningum

Umsóknir:
Sara@krakkaborg.is

krakkaborg.is

Umsóknunum tekið við jafnóðum

FRAMFARALISTINN Í FLÓAHREPPI



1 Árni Eiríksson
Teymistjóri og oddviti
Skúflæk II Norðurbæ



2 Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri og
sveitarstjórnarfulltrúi
Forsæti 2



3 Walter Fannar Kristjánsson
Lögfræðinemi og
sveitarstjórnarfulltrúi
Litlu-Reykjum



4 Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir
Reiðkennari og sérfræðingur
Hólshúsum




5 Hjalti Guðmundsson
Húsasmiðameistari og kennari
Smalaskála



6 Sveinn Orri Einarsson
Vélfræðingur
Egilsstaðakoti



7 Sigrún Hrefna Arnardóttir
Kjólaklæðskeri og
ferðapjónustubóndi
Skyggnisholti



8 Sigurjón Reynisson
Nemi í rafvirkjun
Hurðarbaki



9 Helena Hólm
Hársnyrttimeistari og
ferðapjónustubóndi
Skálatjörn



10 Stefán Geirsson
Bóndi
Gerðum

Upplýsingar og greinar eftir
frambjóðendur eru á
Facebook síðu listans.
Þú finnur okkur með því að leita
eftir *Framfaralistinn í
Flóahreppi*

Settu x við I á kjördag



FJÖR Í FLÓA 2026



Fjölskyldu - og menningarhátíð í Flóahreppi Dagskrá

13. maí miðvikudagur

Fjölskyldu kvöldganga kl. 19:15 - Gengið verður um Laugardælahverfið, þaðan farið út í Laugardælaeyju og nýja brúarstæðið skoðað. Kakóbar og brekkusöngur eftir göngu.

15. maí föstudagur

Opin hús : Gallery Flói, Ullarvinnslan Þingborg, Tré og list, Skrifstofa Flóahrepps, Leikskólinn Krakkaborg. Sveitasána og ljósmyndasýning í Jaðarkoti

Tónleikar í Hraungerðskirkju kl. 20:00

Kirkjukór Flóamanna verður á léttum og fjölbreyttum nótum. Boðið upp á kaffi og konfekt Verið velkomin.

16. maí laugardagur

Þingborg kl.12-16:30

Skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Vöflukaflí, kökubasar og fatamarkaður kvenfélaganna í Flóahreppi. Landbúnaðarsýning, Loftboltar, sölubásar, hæ nubingó, tónlistaratriði. Verðlaunaafhending, afreksíþróttafólk, menningarstyrkur. Kökuskreytingarkeppni, hjólarallý og pylsusala ungmennafélagsins Þjótanda.

Skemmtikraftarnir Júlí Heiðar og Díska Skólakór Flóaskóla, Harmonikutónlist.

Félagsslundur kl 09:00-20:00

Sveitarstjórnarkosningar

Þingborg

Kosningarvaka hefst kl. 21:00

Aldurstakmark 18 ára

Veislu- og stemningsstjóri Jói G.

Finndu okkur á : Flóahreppur.is fyrir nánari dagskrá.

FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



FLÓAHREPPUR



**Kvenfélögin í
Flóahreppi**

**HEILSUEFLANDI
samfélag**
velliðan fyrir alla



FJÖR Í FLÓA

Opin hús í Flóahreppi

13.maí

19:15 Fjölskyldu kvöldganga mæting á hlaðið í Laugardælum.

14.maí

10-16:30 Gallerí Flói, Gamla Þingborg

13-18 Tré og list aðgangur 1500 kr frítt fyrir börn, hægt að hafa samband í S.894-4835

15.maí

8-10 og 14-15:30 Leikskólinn Krakkaborg

10-12 Skrifstofa Flóahrepps heitt kaffi á könnu.

10-16:30 Gallerí Flói, Gamla Þingborg

10-17 Ullarvinnslan Þingborg, Gamla Þingborg verslun opin, litun á lopa og margt nýtt að skoða.

13-18 Tré og list aðgangur 1500 kr frítt fyrir börn.

16-19:30 Sveitasaunan í Jaðarkoti

milli kl 16-18 verður kynning á Sveitasaununni og hvað Gusa er, kl 18-19:30 verður Gusa í Sveitasaununni koma þarf með sundföt, 2 handklæði og vatnsbrúsa.

16-18 Ljósmyndasýning í Jaðarkoti Sandra Dís Sigurðardóttir verður með ljósmyndasýningu í sólskalanum við Sveitasaununa. Sandra sýnir verk sem hún vann í Ljósmyndaskólanum.

20-21 Hraungerðiskirkja tónleikar kirkjukórs Flóamanna á léttu nótunum.

16.maí

9-20 Félagslundur Sveitarstjórnarkosningar

10-16 Gallerí Flói Gamla Þingborg

10-17 Ullarvinnslan Þingborg, Gamla Þingborg

12-16:30 Þingborg skemmtidagskrá

21 - Kvöldvaka Þingborg veislu-og stemningsstjóri, Jói G. Aldurstakmark 18.ára.

HREINSUNARDAGAR Í FLÓAHREPPI

26-30 MAÍ

geta íbúar farið í gámastöðina
í Hrismýri með flokkaðan
úrgang sér að kostnaðarlausu



Umhverfisnefnd
Flóahrepps



Búnaðarfélag Flóamanna leggur úr hlaði

Stofnfundur Búnaðarfélags Flóamanna var haldinn í Félagslundi 4. mars síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni. Í aðdraganda stofnfundar höfðu stjórnir fimm búnaðarféлага í Flóanum unnið að undirbúningi stofnunar nýs félags á grunni hinna eldri í nokkurn tíma og hafði m.a. í því skyni verið samþykkt tillaga á síðasta aðalfundi búnaðarfélaganna um að vinna í þessa átt auk þess sem málþing var haldið síðasta haust þar sem félagsmenn búnaðarfélaganna lýstu miklum áhuga á málinu.

Á stofnfundi Búnaðarfélags Flóamanna var kosin fimm manna bráðabirgðastjórn sem ætlað er fylgja stofnun félagsins úr hlaði fram að næsta aðalfundi. Þessi stjórn hefur nú tekið til starfa en ákveðið var að bíða niðurstöðu aðalfunda félaganna fimm um hvort tillaga um flutning eigna og starfsemi þeirra til nýs félags yrði samþykkt. Þrjú félög hafa nú þegar samþykkt tillögu þessa efnis á sínum aðalfundi en á aðalfundi Búnaðarfélags Sandvíkurhrepps var tillögunni hafnað, Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps hefur enn ekki haldið sinn aðalfund.

Þar sem vorverk eru nú fyrir höndum og útleiga tækja þegar hafinn hefur verið ákveðið að bíða með að Búnaðarfélag Flóamanna taki yfir rekstur eldri félaga að sinni og gömlu félögin verði rekin með hefðbundnu sniði þetta árið en áfram unnið að stofnun nýja félagsins með það að markmiði að það verði fullbúið að taka til starfa með haustinu.

Stjórnin



Aðalfundur Hraungerðissóknar

fer fram í Hraungerðiskirkju,
miðvikudagskvöldið 20. maí nk. kl. 20:00.

Dagskrá fundar:

Fundargerð síðasta fundar lesin
Skýrsla formanns sóknarnefndar
Reikningar sóknar og kirkjugarðs
Umræður og samþykkt reikninga
Fréttir frá héraðsnefnd
Kosning skoðunarmanna reikninga
Umræða um framkvæmdir
Önnur mál

Hvetjum ykkur til að mæta á fundinn.

-

Sóknarnefnd Hraungerðissóknar

Landsvirkjun áætlar að hefja umfangsmikla flutninga aðfararnótt 7. maí á vindmyllum frá Þorlákshöfn til Vaðölduvers í Rangárþingi ytra sem standa munu yfir í 7-9 vikur. Flutningarnir verða að næturlagi en hagaðilar á svæðinu munu óhjákvæmilega verða varir við þá. Við viljum draga eins og kostur er úr raski á daglegu lífi íbúa, landeigenda og annarra sem búa eða starfa við flutningsleiðina með góðri upplýsingagjöf.

Á upplýsingasíðunni www.landsvirkjun.is/flutningar er að finna helstu upplýsingar um flutningana.

Á síðunni www.landsvirkjun.is/tilkynningar er hægt að skrá netföng á póstlista til að fá helstu tilkynningar um flutninga og framkvæmdir sendar í tölvupósti.

Við bendum jafnframt á vefi Vegagerðarinnar, www.umferdin.is sem og www.safetravel.is, þar sem fylgjast má með rauntímaupplýsingum um færð, lokanir og aðrar aðstæður á vegum.

Fyrirspurnir má senda hér: <https://www.landsvirkjun.is/form/fyrirspurn-framkvaemdir>



Nánari upplýsingar má finna hér á QR kóðanum

Kökuskreytingakeppni



Umf Þjótandi verður með sína margrómuðu kökuskreytingakeppni á Fjöri í Flóa, laugardaginn 16. maí n.k. kl 12:15 í Þingborg.

Keppnin er fyrir alla krakka 16 ára og yngri og mega keppendur keppa einir og sér eða skrá sig saman í lið.

Skráning fer fram á heimasíðunni www.floahreppur.is. Skráning hefst 5. maí og lýkur á hádegi 15.maí.

Keppendur fá einn kökubotn og hafa 30 mínútur til að skreyta hann að vild. Keppendur geta fengið smjörkrem á keppnisstað og nammi en annað skreytingaefni, áhöld og disk undir kökuna þurfa keppendur að koma með sjálfir. Ekki er í boði að koma með eigin kökur til að skreyta.



Keppendur skuli vera mættir 15 mínútum fyrir keppni og gefi sig fram við Kristrínu Jónsdóttur keppnisstjóra. Hún gefur einnig nánari upplýsingar um keppnina ef óskað er í gegnum netfangið lambhagi42@gmail.com.

Hjólarallý



Umf Þjótandi stendur fyrir hjólarallý á Fjöri í Flóa, laugardaginn 16. maí n.k. kl 14:30 við Þingborg. Keppt verður í tveimur aldursflokkum, eldri og yngri. Hjóluð verður tímabraut sem reynir bæði á snerpu og hjólafærni. Keppendur mæta með eigin reiðhjól og þurfa að sjálfsgöðu að keppa með hjálm.

Skráning fer fram á heimasíðunni www.floahreppur.is. Skráning hefst 5. maí og lýkur á hádegi 15. maí. Keppendur skulu vera mættir 15 mínútur fyrir keppni og gefi sig fram við keppnisstjóra Örvar Rafn Hlíðdal. Hann gefur frekari upplýsingar um keppnina ef óskað er í gegnum netfangið orvar@floaskoli.is



Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps Öll tæki eru á Stóru-Reykjum í umsjón Geirs S: 690-8939

Tæki	Verð	Eining
Plógur 5 skera	6.000 kr	á ha
Fjaðaraherfi	4.500	á ha
Diskaherfi	5000	á ha
Hnífatætri	6.600	á ha
Grióttýnsluvél	17.000	á klst
Valtari/sáðvél	7.000	á ha
Flaghefill	Frítt	
Lyftutengdur hefill	5.000	á dag
Skeljasandsdreifari	1.500 kr	á tonn
Haugsguga	35.000	á dag
Kíllplógur	21.000	á dag
Snitttæki	Frítt	
Hnífabrýnsluvél	frítt, staðsett í Túni	

Öllum tækjum skal skila smurðum og hreinum. Rukkað er fyrir hverja umferð af herfum og tætara.

Opið hús 60 +

Hefðbundinn kaffihittingur í Þjórsárveri þriðjudaginn 26. maí n.k. milli klukkan 16 og 18. ATH breyttan vikudag.

Húsið opnar kl 15:30

Hlökkum til að sjá ykkur

Nefndin

Dagskrá mánaðarins:

Aðalfundur Skógræktarfélag Villingaholtshrepps	4. maí
Flóaskóli í Skólahreysti	6. maí
Sleifin í boði Kvenfélags Hraungerðishrepps	7. maí
Vindmylluflutningar hefjast - Landsvirkjun	7. maí
Þjótandaæfing yngsta stig	8. maí
Framfaralistinn Samtal við 60+	8. maí
Framfaralistinn Samtal við 18 - 25 ára	9. maí
Þjótandaæfing mið- og elsta stig	13. maí
Fjör í Flóa	13. - 16. maí
Framfaralistinn Pallaspjall	14. maí
Þjótandaæfing yngsta stig	15. maí
Sveitarstjórnarkosningar	16. maí
Aðalfundur Hraungerðissóknar	20. maí
Þjótandaæfing mið- og elsta stig	20. maí
Þjótandaæfing yngsta stig	22. maí
Fermingamessa í Hraungerðiskirkju	24. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	24. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	25. maí
Opið hús 60+	26. maí
Hreinsunaráttak Flóahrepps	26. - 30. maí
Þjótandaæfing mið- og elsta stig	27. maí
Þjótandaæfing yngsta stig	29. maí
Tilnefna til umhverfisverðlauna Flóahr.	1. júní



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

vellíðan fyrir alla